STJÓRNARTÍÐINDI B 12 — 1985

7. febrúar 1985 247 Nr. 128

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 486/1982 um söluskatt með síðari breytingum.

1. gr.

27. tl. 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. reglugerð nr. 220/1984 orðist svo:

Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o.fl., með síðari breytingum:

	84.11.41	Heyblásarar.
úr	84.17.22	Mjólkurkælar.
úr	84.20.10	Fjárvogir.
	84.22.31	Heyblásarar (til að færa hey).
úr	84.22.61	Baggatínur og heylosunarbúnaður.
	84.23.61	Ámoksturstæki við almennar hjóladráttarvélar.
	84.24.10	Plógar.
úr	84.24.20	Áburðar- og mykjudreifarar, kartöfluniðursetningarvélar.
	84.24.31	Herfi.
	84.24.39	Landbúnaðar- og garðyrkjuvélar til að skrapa, losa og hreykja jarðveg og reita illgresi.
úr	84.24.40	Valtarar fyrir tún og íþróttavelli og flagjafnarar.
	84.25.31	Sláttuvélar, aðrar en garðsláttuvélar.
	84.25.32	Upptökuvélar fyrir kartöflur og aðra garðávexti.
	84.25.33	Rakstrar- og snúningsvélar.
úr	84.25.39	Múgavélar, rúllubindivélar og heybindivélar.
	84.25.41	Flokkunarvélar fyrir egg og aðra landbúnaðarframleiðslu.
	84.26.10	Mjaltavélar.
	85.07.01	Fjárklippur.
	87.14.21	Vagnar búnir tækjum til losunar og/eða lestunar á heyi.
	87.14.22	Vagnar búnir tækjum til áburðardreifingar.
	87.14.23	Vagnar búnir tækjum til heyvinnslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10/1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 7. febrúar 1985.

Albert Guðmundsson.

Höskuldur Jónsson.

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg